

Sp.

914. Fyrirspurn

[332. mál]

til menntamálaráðherra um stöðu íþróttafulltrúa ríkisins.

Frá Eggert Haukdal og Friðrik Sophussyni.

Fram hefur komið í fjölmiðlum að Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi ríkisins hafi sagt stöðu sinni lausri og hættir hann störfum 1. júní n. k. Staðan hefur ekki verið auglýst til umsóknar, en aðeins ráðið í hana til bráðabirgða.

Hvaða ástæður liggja því til grundvallar, að staðan er ekki auglýst?

Er von á skipulagsbreytingum í ráðuneytinu?

Ef svo, hverjar eru þær?

Óskað er skriflegs svars.